



HÁSKÓLI ÍSLANDS



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA



# Erlendir gestir á Siglufirði sumarið 2017

## Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir  
2018

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2018

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri

Sími: (+354) 460 8930

Rafpóstur: [rmf@unak.is](mailto:rmf@unak.is)

Veffang: [www.rmf.is](http://www.rmf.is)

Titill: Erlendir gestir á Siglufirði sumarið 2017: Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Höfundur: Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir

Umbrot og teikningar: Blek hönnunarstofa - [blekhonnun.is](http://blekhonnun.is)

Forsíðumynd: Siglufjörður © Fjallabyggð

Kápa: Ásprent - Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála

Númer: RMF S-14-2018

ISBN: 978-9935-437-80-8

ISSN: 1670-8857


Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

# Erlendir gestir á Siglufirði sumarið 2017

## NIÐURSTÖÐUR FERÐAVENJUKÖNNUNAR

Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur í samstarfi við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík staðið fyrir framkvæmd ferðavenjukönnunar meðal erlendra gesta á áfangastöðum frá árinu 2013. Með könnuninni er upplýsinga aflað um ferðahegðun og neyslu erlendra gesta á einstökum svæðum yfir sumartímann. Upplýsingarnar gefa m.a. vísbendingu um ástæðu heimsóknar, dvalarlengd gesta, upplifun þeirra og svæðisbundin útgjöld.

Sumarið 2017 var könnunin framkvæmd á sex stöðum landsins, Húsavík, Mývatnssveit, Akureyri, Siglufirði, Borgarnesi og í Reykjavík. Í þessari samantekt eru birtar niðurstöður könnunarinnar á Siglufirði. Verkefnið var fjármagnað af Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.



# EFNISYFIRLIT

Aðferð	2
Búsetuland gesta	3
Ferðafélagar	4
Fjöldi samferðamanna	5
Gisting	6
Gistinætur	7
Gistimáti	8
Tilgangur ferðar	9
Ástæða heimsóknar	10
Tímasetning ákvörðunar um heimsókn	11
Ferðamáti	12
Dvalarlengd	13
Afþreying og þjónusta	14
Ánægja	15
Útgjöld	16
Athugasemdir	17
Samantekt	19

Spurningakönnunin sem er grundvöllur þessarar rannsóknar einskorðast við erlenda gesti á Siglufirði sumarið 2017. Flestar spurninganna sem lagðar voru fyrir viðmælendur voru lokaðar þar sem svarendur merktu við þann svarmöguleika sem best átti við í þeirra tilfelli. Spurningar sem snéru að ástæðu heimsóknar, útgjöldum og athugasemdum voru opnar. Sambærileg könnun var framkvæmd á Siglufirði sumarið 2015 og eru niðurstöður þeirrar könnunar einnig birtar til samanburðar í þessari skýrslu. Sumarið 2015 var um að ræða pappírskönnun á ensku, þýsku og frönsku en sumarið 2017 var hún einnig á spænsku. Framkvæmd könnunarinnar var jafnframt í fyrsta sinn með rafrænum hætti sumarið 2017 þar sem þátttakendur svöruðu spurningunum á nettengdum spjaldtölvum. Könnunin var hýst hjá MMR sem sá einnig um frumgreiningu gagna.

Ferðamenn voru spurðir út í heimsókn sína til staðarins og ferðahegðun meðan á dvöl þeirra á Siglufirði stóð. Sérstaklega var spurt um útgjöld þeirra en þar var átt við þá upphæð sem greidd var fyrir kaup á neysluvörum og þjónustu sem og fyrir önnur verðmæti til eigin nota eða gjafa í sólarhring meðan á dvöl stóð. Það fól í sér útgjöld ferðamanna sem greidd voru af þeim sjálfum eða af öðrum fyrir þeirra hönd. Stuðst var við reglur þjóðhagsreikninga um einkaneyslu þar sem miðað er við að neyslan eigi sér stað við afhendingu þjónustu eða við eigendaskipti vöru hvort sem peningaleg greiðsla á sér stað um leið eða ekki.\* Útgjöld vegna gistipjónustu voru því metin þann sólarhring sem dvalið var á gististaðnum, vegna ferða þann sólarhring sem ferðin átti sér stað o.s.frv.

Búsetuland ferðamanna er ein af bakgrunnsbreytum könnunarinnar. Á nokkrum stöðum í skýrslunni er vísað í Breta, Bandaríkjamenn o.s.frv. þar sem niðurstöðurnar eru greindar eftir bakgrunnsbreytum. Er það gert til einföldunar en þar sem það á við er átt við ferðamenn með búsetu í Bretlandi, Bandaríkjunum o.s.frv.

Könnunin stóð yfir tímabilið 21. júlí til 22. ágúst og var framkvæmd frá kl. 10 til kl. 19. Lögð var áhersla á að dreifa gagnasöfnun jafnt yfir daginn og yfir vikuna. Spyrjar voru staðsettir á svæði sem náði frá hafnarsvæði bæjarins að Síldarminjasafninu. Þeir gengu um svæðið og óskuðu eftir þátttöku allra erlendra ferðamanna sem urðu á vegi þeirra. Alls voru 460 erlendir ferðamenn beðnir um að taka þátt í könnuninni. Af þeim samþykktu 404 þátttöku, eða 88% aðspurðra. Endanlegur fjöldi svara var yfir lágmarksstærð úrtaks miðað við 95% öryggismörk og ±5% úrtaksskekkju. Meðalaldur svarenda var 43,9 ár, hlutfall kvenna var 52% og karla 48%. Um var að ræða úrtakskönnun og niðurstöðurnar ber að túlka sem vísbendingu um ákveðið ástand en forðast alhæfingar út frá þeim.

Framkvæmd könnunarinnar var háð því að gestir staðarins færu fótgangandi um rannsóknarsvæðið á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd. Með því var útilokuð þátttaka þeirra sem komu til staðarins eftir kl. 19 á kvöldin og fóru þaðan fyrir kl. 10 um morguninn sem og þeirra sem fóru ekki fótgangandi um hið skilgreinda rannsóknarsvæði meðan á framkvæmd spurningakönnunarinnar stóð. Sumarið 2015 var spurningalistum dreift í rútur hjá þeim sem höfðu ekki tíma til að svara könnuninni á staðnum. Þess gafst ekki kostur sumarið 2017 þar sem framkvæmd könnunarinnar var með rafrænum hætti það árið.


Hlutfall svarenda af skemmtiferðaskipum var 2,5% sem er í nokkru samræmi við rauntölur.\*\* Af þeim 11 dögum sem könnunin var framkvæmd í júlí og ágúst voru 4 skipadagar. Við úrvinnslu gagnanna var notast jafnt við SPSS og Excel. Við útreikninga á útgjöldum erlendra gesta í erlendum gjaldmiðlum var miðgengi Seðlabanka Íslands þann 15. júlí 2017 notað. Útgjöld fyrri ára eru á verðlagi ársins 2017 og miðað við vísitölu neysluverðs án húsnæðis.

\* United Nations. (2010). The conceptual framework for tourism statistics – International Recommendations for Tourism Statistics 2008. Madrid: United Nations

\*\* Ferðamálastofa. (e.d.). Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017; Magnús Rúnar Magnússon (e.d.). Skip 2017. Hédinsfjörður – Fréttavefur í Fjallabyggð, hedinsfjordur.is

# Hvert er búsetuland þitt?

Flestir ferðamanna á Siglufirði komu frá Þýskalandi. Hlutfall þeirra var um 18% sem er nokkuð hærra en hlutfall þeirra í talningum Ferðamálastofu á Keflavíkurflugvelli þar sem það var 10% á sama tíma. Athygli vekur hátt hlutfall gesta frá Ítalíu, en það var 14%. Hlutfall gesta frá Frakklandi var 13% og Bandaríkjunum 12% sem er töluvert lægra en á Keflavíkurflugvelli þar sem það var 28% á sama tíma. Frá sumrinu 2015 hefur Þjóðverjum og Frökkum fækkað hlutfallslega á Siglufirði sem er í takt við þróunina á öðrum stöðum. Athygli vekur fækkun meðal Bandaríkjamanna sem verður að teljast sérstakt í ljósi fjölgunar þeirra til landsins. Skýringar á því er ekki að finna í niðurstöðum könnunarinnar að öðru leyti en því að hlutfall hópferðamanna hefur lækkað nokkuð á milli ára. Hópferðir til Siglufjarðar voru sérstaklega vinsælar meðal Bandaríkjamanna sumarið 2015.




\*Ferðamálastofa. (e.d.). Brottfarir erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll 2003-2017.

Myndin sýnir búsetuland erlendra gesta á Siglufirði sumrin 2015 og 2017 og þjóðerni erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll þá mánuði sem könnunin var framkvæmd á Siglufirði sumarið 2017.

# Með hverjum ferðaðist þú?

Langflestir voru á ferð með fjölskyldu og vinum (90%). Um 10% ferðamanna voru í hópferð og 3% ferðuðust einir. Heldur færri voru í hópferð nú en sumarið 2015 og fleiri á ferð með fjölskyldu og vinum. Hlutfall hópferðamanna yfir sumartímann lækkaði einnig á landsvísu á milli árunna 2016\*\* og 2017 en ekki er útilokað að ný aðferð við gagnasöfnun sem lýst er í upphafi skýrslu ýti einnig undir þessa breytingu á milli ára.




\*Ferðamálastofa. [e.d.]. Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017.

\*\*Ferðamálastofa. [2016]. Erlendir ferðamenn á Íslandi: Sumar 2016. Reykjavík: Maskína.

Ekki voru til upplýsingar á landsvísu um sumarið 2015. Hægt var að velja fleiri en einn svarmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.

## Hversu margir ferðuðust með þér, að þér meðtöldum?

Algengast var að gestir ferðuðust tveir saman (50%). Í um 21% tilvika voru börn undir 18 ára aldri með í för. Á landsvísu voru börn undir 18 ára aldri meðal ferðafélaga í um 16% tilvika.\*





\* Ferðamálastofa. (e.d.). Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017.




## Dvaldir þú á Siglufirði síðustu nótt eða munt þú dvelja þar í nótt?

Alls ætluðu um 17% gesta að dvelja yfir nótt á Siglufirði sem er sama hlutfall og sumarið 2015. Fjöldi gistinátta jókst engu að síður vegna aukins fjölda gesta.



## Gistinætur erlendra ferðamanna\*

Gistinóttum erlendra ferðamanna á Siglufirði hefur fjölgað töluvert undanfarin ár. Árið 2017 voru þær um 23.000 en einungis um 5.300 árið 2013. Flestar voru gistinæturnar yfir sumartímenn eða 54% frá júní til ágúst og 75% frá maí til september svo árstíðasveiflan er nokkur á svæðinu. Hefur hún þó minnkað umtalsvert frá 2016 vegna fjölgunar gistinátta á vormánuðum.\*\*




\*Gistinætur erlendra ferðamanna á Siglufirði eftir mánuðum 2013-2017.

\*\*Hagstofa Íslands (2018). Gistinætur og gestakomur á öllum tegundum gistaða eftir sveitarfélögum 2013-2017 (sérvinnsla).

## Hvaða gistaðstöðu nýttir þú þér á Siglufirði?

Af þeim erlendu ferðamönnum sem dvöldu yfir nótt á Siglufirði gistu flestir á hótélum eða alls um 32%. Rúm 10% gistu á gistiheimilum, sama hlutfall valdi einkagistingu og 29% gistu á tjaldsvæðum. Til einkagistingar telst m.a. Airbnb og heimagisting. Önnur gisting er m.a. bifreiðar eða tjöld utan tjaldsvæðis og gisting hjá vinum eða ættingjum. Hlutfall gesta sem dvaldi á hótélum hækkaði töluvert á tímabilinu eða úr 24% í 32% á meðan hlutfall gesta á tjaldsvæðinu lækkaði. Ætla má að opnun Hótel Sigló síðsumars 2015 hafi haft áhrif á þá þróun.\* Á landsvísi var hlutfall gistingar á hótélum og gistiheimilum heldur lægra eða um 30%. Hlutfall tjaldsvæða var 19% og einkagistingar um 16%.\*\*




\*Hafa ber í huga að hlutfall næturgesta á Siglufirði var einungis 17% og fjöldi svara við þessari spurningu er því undir marktektarmörkum. Taka ber niðurstöðunum með fyrirvara þó þær gefi vísbendingar um þróunina.

\*\*Ferðamálastofa. (e.d.). Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017.

\*\*\*Í könnun Ferðamálastofu er hlutfall hótela og gistiheimila tekið saman og því er samanburðurinn með þessum hætti hér.

## Hver er megintilgangur heimsóknar þinnar til Siglufjarðar

Megintilgangur heimsóknarinnar til Siglufjarðar var í langflestum tilvika frí eða alls um 96%. Einungis 2% gesta komu í þeim tilgangi að heimsækja vini og ættingja og 0,2% í vinnutengdum erindagjörðum. Skiptingin var ekki ósvipuð á landsvísu þar sem 88% gesta voru í fríi, 3% í vinnuferð og 2% í heimsókn.\*




\* Ferðamálastofa. (e.d.). Landamæra- og viðhorfskönnun: júlí og ágúst 2017

Um var að ræða fjölvalsspurningu. Niðurstöður eru birtar sem hlutfall af heildarfjölda svara líkt og í landamærakönnun Ferðamálastofu.

# Vinsamlegast tilgreindu ástæðu þess að Siglufjörður varð fyrir valinu sem áfangastaður

Flestir þátttakenda (34%) sögðu heimsókn sína til Siglufjarðar vera hluta af lengri ferð og nefndu ekki aðra ástæðu fyrir vali á áfangastaðnum. Alls nefndu 20% svarenda fegurð staðar og náttúru sem meginástæðu eða sögðu að staðurinn væri áhugaverður án frekari skýringar. Um 19% heimsóttu staðinn vegna safna og 17% sögðust hafa komið vegna meðmæla. Meðmælin fengu þau m.a. frá vinum, ættingjum, ferðabjónustuaðilum, úr ferðahandbókum og af netinu. Meðal annarra þátta sem nefndir voru sem ástæða heimsóknar voru áhugi á Norðrinu, höfnin, sjávarþorp, friðsæld, saga staðarins, jarðgöng, veitingar og síld.

Athygli vekur hversu áþekkar niðurstöðurnar voru á milli ára. Hækkun hlutfalls þeirra sem komu vegna meðmæla eru jákvæðar niðurstöður fyrir ferðabjónustuna á staðnum og benda til þess að gott orðspor staðarins berist nú víðar en áður.\*




\*Spurningin var opin og svarendur skrifuðu ástæðu sem niðurstöðurnar eru greindar út frá. Í einhverjum tilvikum voru fleiri en ein ástæða og því eru svör fleiri en svarendur.

## Hvenær tókst þú ákvörðun um að heimsækja Siglufjörð?

Tæpur helmingur gesta á Siglufirði hafði ákveðið að heimsækja staðinn áður en þeir komu til Íslands eða alls um 44% þeirra. Um 37% tóku ákvörðun eftir að þeir komu til landsins og 26% gesta sögðust einungis ætla að keyra í gegn á leið sinni annað. Enginn þátttakenda sagði heimsóknina til Siglufjarðar vera meginástæðu Íslandsferðarinnar.\*


Hlutfall þeirra sem keyrðu í gegnum staðinn án eiginlegrar ákvörðunar um að heimsækja hann lækkaði nokkuð á milli ára á sama tíma og hlutfall þeirra sem tóku ákvörðun um að heimsækja hann hækkaði. Í ljósi þess má ætla að Siglufjörður sé að verða sterkari ferðamannasegull en áður.



\* Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda.

## Hvernig ferðaðist þú til Siglufjarðar?


Meirihluti gesta ferðaðist til Siglufjarðar með bílaleigubílum eða alls um 74% þeirra. Um 13% komu með hópferðabifreiðum, 7% með einkabílum og 3% voru farþegar skemmtiferðaskipa. Um 1% gesta komu til staðarins með áætlunarbifreið. Annar ferðamáti telst t.d. reiðhjól og puttaferðalag. Hlutfall bílaleigubíla hækkaði nokkuð frá sumrinu 2015 á sama tíma og hlutfall farþega hópferðabíla lækkaði\*. Heldur færri ferðuðust með áætlunarrútu og á eigin bíl en sumarið 2015.



\* Þó hlutfall hópferðamanna hafi einnig lækkað á landsvísu er ekki er útilokað að ný aðferð við gagnasöfnun sem lýst er í upphafi skýrslu ýti undir þennan mun á hlutfalli hópferðabíla og bílaleigubíla.

## Hversu lengi telur þú að dvöl þín á Siglufirði muni vara?

Meðaldvalarlengd erlendra gesta á Siglufirði var um 8,2 klst. sem er nokkuð lengri tími en sumarið 2015 þegar hann var 6,4 klst. Um 57% gesta dvaldi á staðnum í 0-3 klst. en sama hlutfall var 68% sumarið 2015 sem bendir til þess að vægi stuttra dagsferða hafi heldur minnkað á tímabilinu. Hlutfall þeirra sem dvöldu yfir nótt var þó óbreytt á milli ára.






## Vinsamlegast tilgreindu hvaða þætti/afþreyingu þú hyggst nýta þér á Siglufirði

Flestir ætluðu að heimsækja söfn bæjarins eða alls um 61% aðspurðra. Er það svipað hlutfall og sumarið 2015. Gera má ráð fyrir að hlutföllin séu nokkuð hærri í könnuninni en í raunveruleikanum þar sem spurt er hvaða afþreyingu svarendur hygðust nýta sér óháð því hvort það gengi eftir eða ekki.



Um 43% gesta ætluðu að taka myndir og um 17% að fara í gönguferð um svæðið. Eftir því sem aldur gesta hækkaði, lækkaði hlutfall þeirra sem ætluðu í gönguferð. Um 12% gesta sögðust ætla að smakka mat úr héraði sem er heldur lægra hlutfall en sumarið 2015. Hlutfall þeirra sem ætluðu í fuglaskoðun lækkaði á milli ára en hlutfall sundlaugargesta hélst óbreytt. Aðrir valmöguleikar voru m.a. veiði, hestaleiga, golf og næturlíf en einungis 1% svarenda eða færri sögðust ætla sér slíkt.



## Hversu ánægð/ur ert þú með heimsókn þína til Siglufjarðar?

Almennt voru þátttakendur mjög ánægðir (56%) eða ánægðir (40%) með dvöl sína á Siglufirði. Um 4% aðspurðra sögðust þó hvorki vera ánægðir né óánægðir, 0,5% gesta voru óánægðir og 0,3% mjög óánægðir. Á skalanum 1-5 var ánægjustig gesta 4,50 sem er aðeins hærra en 2015 þegar það var 4,42.\*

Gestir frá Bandaríkjunum virtust ánægðari en aðrir þar sem ánægjustig þeirra mældist 4,58 til samanburðar við 4,21 meðal gesta frá Bretlandi og 3,77 meðal gesta frá Þýskalandi.




\*„Mjög óánægðir“ fengu gildið 1 og „mjög ánægðir“ gildið 5

## Vinsamlegast áætlið sólarhringsútgjöld ykkar á Siglufirði eftir útgjaldaliðum

Meðalútgjöld erlendra gesta á sólarhring voru 7.899 kr. Upphæðin reiknast á alla svarendur óháð því hvort þeir greiddu fyrir vörur og þjónustu eða ekki.\* Útgjöldin voru hæst í flokki veitingaþjónustu en um 72% gesta greiddu fyrir þann þjónustubátt meðan á dvöl þeirra stóð. Alls keyptu um 17% aðspurðra gistingu, 9% afþreyingu, 55% menningartengda þjónustu og 40% keyptu vörur í verslunum bæjarins. Til afþreyingar teljast m.a. gönguferðir, hestaferðir, bátsferðir og jeppaferðir. Til menningar teljast m.a. söfn, gallerí, sýningar og tónleikar. Útgjöld vegna samgangna voru í flestum tilvikum vegna eldsneytiskaupa.


Sumarið 2015 voru meðalútgjöld á sólarhring 3.725 kr. svo þau hafa rúmlega tvöfaldast frá fyrri könnun. Í flokki gistingar stafar hækkunin m.a. af breyttum gistimáta þar sem hærra hlutfall gesta dvaldi á hóteli og lægra hlutfall á tjaldsvæðum sumarið 2017. Hlutfall næturgesta var þó óbreytt frá fyrri könnun. Útgjöld vegna veitinga hækkuðu úr 1.361 kr. í 2.189 frá fyrri könnun og útgjöld vegna afþreyingar úr 40 kr. í 631 kr. Fleiri keyptu vörur í verslunum bæjarins en útgjöld í þeim flokki hækkuðu úr 208 kr. í 1.270 kr. Meðalútgjöld gesta frá Ítalíu voru hærri en þeirra sem komu frá Frakklandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum eða tæpar 12 þúsund krónur í samanburði við tæpar 8 þúsund krónur meðal Frakka og rúmar 6 þúsund krónur meðal Bandaríkjamanna og Þjóðverja. Munaði þar mestu um útgjaldaliðina veitingahús og afþreyingu sem voru talsvert yfir meðallagi hjá gestum frá Ítalíu.



\*Útgjöldin reiknast á miðgengi Seðlabanka Íslands 15. júlí 2017 og VNV án húsnæðis í júlí 2017

## Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi dvöl þína á Siglufirði?

Af þeim erlendu gestum sem komu með athugasemdir varðandi dvölinu á Siglufirði nefndu 35% sérstaklega fegurð staðarins. Um 17% höfðu ekkert nema gott um heimsókn sína til staðarins að segja og 9% nefndu söfn bæjarins í athugasemdum sínum. Í langflestum tilvikum voru þær athugasemdir jákvæðar. Jafn margir gerðu athugasemdir við upplýsingagjöf og vegvísa. Þar komu m.a. fram óskir um meiri upplýsingar á erlendum tungumálum á safninu, betri vegvísa að ferðamannastöðum og meiri almennar upplýsingar um staðinn á netinu. Alls nefndu 4% aðspurðra að þeir vildu sjá meira framboð af mat úr héraði þar sem í flestum tilvikum var átt við síld. Einhverjir vildu sjá fiskmarkaði þar sem hægt væri að kaupa síld og aðrir vildu geta keypt síld í ferðavænum umbúðum. Um 4% gesta nefndi að þeim fyndist rólegt á svæðinu og jafn margir sögðust hafa fengið mjög góðar móttökur. Meðal annarra athugasemda kom fram að staðurinn hefði komið á óvart enda hefðu gestirnir ekki vitað mikið um hann áður en þeir heimsóttu hann. Nokkrir nefndu veðrið sem var bæði gott og slæmt, einhverjir nefndu hátt verðlag og aðrir stuttan opnunartíma hjá veitingastöðum. Sumir tóku sérstaklega fram hve bærinn væri snyrtilegur og einhverjir töluðu um að bæta mætti aðstöðuna á tjaldsvæðinu. Þegar niðurstöðurnar eru bornar saman við athugasemdir ferðamanna sumarið 2015 má sjá að tvöfalt fleiri töluðu nú um fegurð bæjarins og helmingi færri kvörtuðu yfir skorti á upplýsingum sem verður að teljast jákvæð þróun. Svipað hlutfall nefndi söfn bæjarins en aðeins hefur fækkað í hópi þeirra sem lýstu almennt yfir ánægju með heimsóknina án frekari útskýringa.





Vöxtur ferðaþjónustu á Siglufirði hefur verið mikill undanfarin ár. Með tilkomu Héðinsfjarðarganga og aukinni umferð ferðamanna um svæðið hafa m.a. risið upp hótél, veitingahús og afþreyingarfyrirtæki auk þess sem önnur fyrirtæki hafa mörg hver lagað þjónustu sína að þörfum ferðamanna og nýtt sér heimsóknir þeirra til staðarins til frekari uppbyggingar.

Samkvæmt niðurstöðum þessarar könnunar dvöldu gestir lengur á staðnum nú en sumarið 2015 og útgjöld þeirra hækkuðu á sama tímabili. Meðalútgjöld á sólarhring voru 7.899 kr. og voru hæst í flokki veitinga. Meðalútgjöld vegna gistingar hækkuðu þrátt fyrir að hlutfall næturgesta á staðnum hafi verið hið sama. Endurspeglast það í niðurstöðum um val á gistimáta þar sem algengast var að næturgestir dvöldu á hótélum sumarið 2017 en tjaldsvæðinu sumarið 2015.

Langflestir ferðuðust til staðarins með bílaleigubílum. Komum skemmtiferðaskipa til Siglufjarðar hefur fjölgað töluvert undanfarin sumur og er áætlað að fjöldi farþega skipanna hafi numið um 3-4% af heildarfjölda erlendra gesta á staðnum í júlí og ágúst 2017.

Fegurð Siglufjarðar, söfn staðarins og meðmæli voru meðal þess sem helst hafði áhrif á ákvörðun gesta að heimsækja staðinn. Þó sögðu flestir heimsókn sína til Siglufjarðar vera hluta af lengri ferð og nefndu enga sérstaka ástæðu fyrir vali á áfangastaðnum.

Flestir gestanna komu frá Þýskalandi. Stór hluti gesta kom einnig frá Ítalíu, Frakklandi og Bandaríkjunum. Þeir dvöldu að meðaltali í 8,2 klst. á svæðinu sem er aukning frá 6,4 klst. sumarið 2015. Flestir dvöldu í 0-3 klst og um 17% gesta dvöldu yfir nótt á staðnum.

Árstíðasveifla í ferðaþjónustu er nokkur á Siglufirði. Af rúmlega 23 þúsund gistinóttum erlendra ferðamanna árið 2017 áttu 75% sér stað á tímabilinu maí til september. Sama hlutfall var 85% árið 2013 svo ljóst er að vægi vetrargistingar hefur aukist á tímabilinu.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar virðist upplifun ferðamanna af dvöl þeirra á Siglufirði almennt vera jákvæð. Langflestir gestanna voru ánægðir eða mjög ánægðir með dvölinu og á skalanum 1-5 var ánægjustig gesta 4,50 sem er aðeins hærra en sumarið 2015 þegar það var 4,42. Fleiri töluðu um fegurð bæjarins í athugasemdum og færri um skort á upplýsingum sem verður að teljast jákvæð þróun.

Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingu um stöðu ákveðinna þátta ferðaþjónustu á Siglufirði sumarið 2017. Varast ber að alhæfa út frá niðurstöðunum en engu að síður eru þessar upplýsingar ásamt öðrum áreiðanlegum gögnum í ferðaþjónustu mikilvægt púsl í heildarmynd atvinnugreinarinnar á landsvísu. Athugasemdir og óskir ferðamanna sem koma fram í könnuninni auka einnig skilning á þörfum þeirra og upplifun meðan á dvöl stendur og eru mikilvægar fyrir svæðisbundna stefnumótun og uppbyggingu atvinnugreinarinnar.